



## STJÓRN SSH 442. fundur

Mánudaginn 3. apríl 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Áslaug Hulda Jónsdóttir.  
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir og Gunnar Einarsson  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. BORGARLÍNA /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlíð Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu.

- a) Fyrir fundinum lá minnisblað vegna framvindu og stöðu verkefnisins.  
Fram kom að meginverkefni vegna undirbúnings Borgarlínunnar eru í samræmi við fyrirbyggjandi tímaáætlun.  
Gert er ráð fyrir stórum kynningarfundum með aðalfulltrúum í sveitarstjórnnum og fulltrúum í skipulagsnefndum sveitarfélaganna 24. apríl nk., þar sem ráðgjafar frá danska ráðgjafafyrirtækinu COWI munu m.a kynna valkostagreiningu vegna ákvarðana um endanlega legu Borgarlínunnar. Óskað hefur verið eftir formlegri aðkomu og samstarfi við samgönguráðuneytið og ráðuneyti sveitarstjórnarmála vegna fjármögnunar verkefnisins og mótun nauðsynlegs lagamma til að tryggja stöðu verkefnisins.

Umræður

- b) Erindi Fluglestarinnar – beiðni um viðræður vegna áframhaldandi mótunar á tillögu að mögulegu samstarfi Fluglestarinnar og sveitarfélaganna og tengingar við Borgarlínuverkefnið.

Svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínu falið að eiga fund með forsvarsmönnum Fluglestarinnar.

### 2. Húsnæðismál og lóðaframboð /málsnr. 1703008

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Farið var yfir stöðu mála eftir sameiginlegan fund stjórnar SSH með félagsmálaráðherra sbr. umræður og bókun á síðasta stjórnarfundum.

Upplýst var um skipun 3 fulltrúa SSH í samráðsvettvang vegna málsins, þ.e. Ármann Kr. Ólafsson stjórnarformaður SSH, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri.



### 3. Málafni SORPU bs. /málsnr. 1506001

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum vegna þessa dagskrárliðar:

- a) Fundargerð sýrihóps gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs. frá 17. mars 2017
- b) Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 24. mars 2017.

Umræður.

Niðurstaða:

- a) Samþykkt að skipa Ármanna Kr. Ólafsson stjórnarformann SSH, Harald Sverrisson bæjarstjóra í Mosfellsbæ og Halldór Auðar Svansson í 3 manna nefnd til viðræðna við Sorpstöð Suðurlands sbr. c) lið í niðurstöðu fundargerðar stýrihóps gas- og jarðgerðarstöðvar frá 17. mars 2017 og 8. lið í fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 24. mars 2017.  
Framkvæmdastjóri SORPU bs. og framkvæmdastjóri SSH vinni með viðræðuhópnum og skrifstofa SSH annast utanumhald um verkefnið.
- b) Með vísun í 3. lið í fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 24. mars 2017 var framkvæmdastjóra SSH falið að kalla eftir upplýsingum frá SORPU bs. um fjármögnun framkvæmdakostnaðar við urðunarrein 20 í Álfsnesi og hvaða fjarhagslegu heimildir liggja fyrir um þá framkvæmd.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55